



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

---

### **Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um einkavæðingu Strætó**

Á fundi borgarráðs þann 10. nóvember 2022 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

*Hefur Reykjavík í hyggju að styðja einkavæðingu á Strætó? Flokkur fólksins hefur þungar áhyggjur ef áformað er að útvista leiðum Strætó bs. til einkaaðila með þeim afleiðingum að laun verði lækkuð og að einkaaðilar hirða þann launamun í sinn vasa. Óttast er að þjónustan verði dýrari og að starfsmönnum verði sagt upp. Einnig er fyrir séð að verði reksturinn boðinn út er tekið frá borginni möguleikar á að hafa t.d. frítt í strætó. Vísað er til slæmrar reynslu af útvistun almenningsamgangna í Bretlandi og Svíþjóð. Flokkur fólksins varar við áformum af þessu tagi og hvetur sveitarfélögin sem eiga Strætó bs.; Reykjavíkurborg, Garðabæ, Hafnarfjarðarbæ, Kópavogsbæ, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesbæ að veita nægilegu fé til rekstursins og standa í fæturna gagnvart ríkinu, sem ekki stóð við loforð um að veita fé til rekstrarins í COVID-19 faraldrinum.*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar þann 16.11.2022.

### **Svar:**

Samkvæmt núgildandi stofnsamningi um byggðasamlagið Strætó frá 29. desember 2004 er tilgangur byggðasamlagsins að sinna almenningsamgöngum á höfuðborgarsvæðinu í umboði eigenda sinna. Reykjavíkurborg á 63,68% í Strætó bs. en meðeigendur, sem eru Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarneskaupstaður, eiga samtals 36,32%. Stjórn byggðasamlagsins er skipuð einum fulltrúa og einum til vara frá hverju aðildarsveitarfélagi og skal hann vera aðalmaður í sveitarstjórn eða framkvæmdastjóri sveitarfélags. Sömu skilyrði gilda um varamenn sem hver sveitarstjórn tilnefnir. Kjörtímabil stjórnar er til tveggja ára frá upphafi kjörtímabils sveitarstjórna. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og skal formennska skiptast milli aðildarsveitarfélaganna. Stjórnarmenn fara með hlutfallslegt atkvæðavægi í samræmi við íbúafjölda þess sveitarfélags sem þeir eru fulltrúar fyrir. Atkvæðavægi endurskoðast í byrjun hvers árs miðað við íbúatölu aðildarsveitarfélags hinn 1. desember árið á undan. Samkvæmt samþykktum Strætó bs. þarf samþykki  $\frac{3}{4}$  hluta atkvæðavægis í stjórn, þó aldrei færri en þriggja sveitarfélaga, til að þær ákvarðanir öðlist gildi, sem varða rekstrarkostnaðarskiptingu, meiriháttar fjárfestingar, stofnun eða þátttöku í dótturfélögum, breytingar á gjaldskrá eða breytingar á þjónustustigi. Sama gildir um upptöku nýs leiðakerfis, að hluta til eða í heild. Hvert einstakt sveitarfélag hefur að auki neitunarvald um hækkun eða breytingu á þjónustustigi að því er það varðar sérstaklega, sem hafa mundi í för með sér bersýnilega ósanngjarnan útgjaldaauka umfram aðra og frá því sem nú er. Í viðauka við stofnsamning Strætó bs. dags. 22.11.2021 er ákveðið á um skipan stefnuráðs byggðasamlaga sem skipað er 20 aðilum, þ.e. borgar- og bæjarstjórum þeirra sveitarfélaga



## Reykjavíkurborg

sem eiga aðild að byggðasamtalinu, auk 14 aðila sem koma úr hópi kjörinna fulltrúa meirihluta og minnihluta. Reykjavíkurborg skipar 5 fulltrúa í stefnuráðið. Hlutverk stefnuráðs er m.a. að vera formlegur og virkur samráðsvettvangur sveitarfélaganna fyrir mörkun stefnu málaflokks byggðasamlagsins með stefnusáttmála þess. Formenn stefnuráðs eru tveir, annars vegar formaður stjórnar SSH og hins vegar borgarstjóri hverju sinni. Þá kemur fram í viðaukanum við stofnsamninginn að ávallt skal stefnt að því að ná samkomulagi og samstöðu stefnuráðsfulltrúa um mál sem koma til meðferðarstefnuráðs. Takist það ekki ræður afl atkvæða. Séu uppi áform um breytingar á rekstrarfyrirkomulagi Strætó bs. þurfa þær að taka mið af framangreindu.

Þorsteinn Gunnarsson  
borgarritari